

„Hvar er Hún“

Ég sit á eina stólum í húsinu. Það hefur alltaf bara verið þessi eini stóll og mun aldrei koma neinn annar. Ekki núna ekki nokkru sinni og hefur aldrei verið sá tími að þessi stóll hafi ekki verið. Mér þykir vænt um þennan stól og er mjög ánægður að hann sé til. Því ef hann væri ekki til hvar gæti ég þá setið. Ég gæti að vísu setið á gólfinu, það er ágætlega þægilegt en samt ekki neitt miðað við þennan stól. Þessi stóll er fullkominn, enda væri nú skrítið ef hann væri það ekki. Satt að segja er allt í þessu húsi fullkomið, þar á meðal ég, eða satt að segja líkami minn. Það hljómar kannski hrokafullt að segja að ég sé fullkominn en staðreynd er það engu að síður.

Ég horfi nú á eina hamborgarann sem er á eina disknum. Vitandi það að ég geti aldrei nokkurn tímann borðað hann. Mig hefur oft langað til þess að borða hann. Hann er alveg gífurlega girnilegur. Hliðin á hamborgaranum er eina pizzan. Hún er ekki á disk heldur situr hún bara á borðinu en er það allt í lagi. Því að borðið er svo hreint að það er ekkert mál að borða af því, eða það væri þannig satt að segja ef ég myndi borða. Hér eru mjög fáir sýklar og eru engir þeirra á borðinu eða í matnum á borðinu eða í neinum öðrum mat. Ég hef sett alla sýklanna í gluggakistuna. Það var satt að segja erfitt að koma þeim þangað en tókst mér það engu að síður. Það er orðið svolítið langt síðan ég gerði það. Alveg verulega langt síðan ef ég man rétt. En samt er sá tími ekkert í samanburði við það hvað Hún er búinn að vera lengi frá mér. Hún, æi ég sem var hættur að hugsa um hana. Ég hafði verið að dreifa huganum með því að horfa á hamborgarann en nú man ég aftur að Hún er ekki hér hjá mér í húsinu. Hún fór, Hún var tekinn frá mér og hefur mér liðið ömurlega síðann og hef ég verið hér aleinn. Ja fyrir utan allar sálirnar sem eru hér líka og eru þær fjöldamargar. Alveg gífurlega margar satt að segja. Hér eru margir milljarðar en ekki get ég talað við sálirnar. Þær verða hér líka aldrei það lengi. Þær fara svo alltaf aftur í óæðri heiminn. Sá heimur get ég alltaf séð. Eins og núna, þá er ég að snúa höfðinu við og er að horfa í heiminn. Þar sé ég menn og byggingar, dýr og fjöll. En eru þau eiginlega ekki raunveruleg. Heldur eru þau nokkurs konar skuggamyndir af þessum heimi. Sólin hér skín á okkur og endurkastar mörgum gerðum á þennan stað sem er heimur skuggamyndanna. Þar er ekkert raunverulegt. Það er sorglegt að mennirnir geti ekki séð mig og vita ekki af mér. Því ég er hér í fjórðu víddinni og geta þeir ekki séð inn í hana þótt ég sjái þá. Það er merkilegt að sjá hvað verða til margar mismunandi eftirgerðir af mér. En eru það samt bara líkamar mannanna. Sálir þeirra eru ekki eftirmyndir. Sálir þeirra koma úr þessum heimi og koma hingað aftur þegar þeir deyja.

Sál rekst utan í mig rétt í þessu. Hún er óformlaga en skynja ég samt einhverja vitund, þótt að ég viti að sálin geti ekki talað. Svo áður en ég veit af fer sálin í skuggaheiminn. Þar sé ég hvernig hún fer í lítinn barnslíkama. Þarna veit barnið af þessum heimi. Það man hvað það sá, en áður en langt um líður mun það gleyma heiminum. Já, það er búið að gleyma honum og er það bara orðið um tveggja ára gamalt. Svakalega líður tíminn hratt hjá þeim. Þau lifa svo mikið í skuggaheiminum. Þau sjá aldrei sanna fegurð. Þau vita ekki einu sinni af

henni. En það var einn maður sem vissi af tilvist minni og tilvist þessa heims og var það maður að nafni Platon. Hann uppgötvaði okkur. Hann komst að sannleikanum, hann jafnvel sá mig. Hann horfði í augu mín en sá því miður aldrei sólina fyrir mér. Það var það sem hann sóttist eftir. Hann sóttist eftir sólinni. Sólinni sem er ástæðan fyrir því að hans heimur er til. Því að án sólar er enginn skuggi. Enda sest sólin aldrei niður og mun aldrei gera það.

En það minnir mig aftur á Hana. Ég þarf að finna Hana. Hún hefur verið í burtu svo lengi. Allt í einu sé ég hana. En því miður var þetta dýrið en ekki manneskjan. Eini haninn hefur lifað í þessu eina húsi frekar lengi. Allavega eftir að ég kom með hann hingað, síðan þá hafa menn haldið hænur og hana sem húsdýr. Það sem ég geri hefur nefnilega áhrif á skuggaheiminn. Skiljanlega, því þetta eru skuggamyndir af okkur. En stjórnun við samt ekki alltaf öllu. Ef ég leggst niður til dæmis hefur það enginn áhrif á mannkynið og ef haninn fer smá að fljúga hefur það heldur ekki áhrif. Þetta virkar sem sagt ekki alveg eins og skuggar og var kannski rangt af Platoni að kalla þetta skuggamyndir. Hann hafði að vísu rangt fyrir sér með fleira. Hann til dæmis gerði ekki ráð fyrir að það væru tvær skuggamyndir fyrir öll dýr. Eitt fyrir karldýrið og annað fyrir kvendýrið og hann vissi heldur ekki að það hefur gríðarleg áhrif á skuggamyndirnar hvort dýrin séu saman eða ekki. Núna eru til dæmis hænur og haninn ekki saman og sést þá að samband milli hana og hænna eru ekkert voðalega góð. Hanarnir hugsa lítið um hænurnar og eiginlega bara um sjálfa sig.

En það minnir mig aftur á það að ég þarf að finna konuna. Því að það hefur haft slæm áhrif að við höfum verið aðskilinn. Mikið af stríðum hefur brotist út og sé ég til dæmis stórt stríð núna milli Frakklands og Bretlands ooog það er búið.

Sambönd kynjanna eru ekkert sérstök. Karlarnir eru að ráða öllu og konurnar eru oft jafnvel að leyfa þeim það. Þetta er ekki sniðugt. Ég þarf að fara að finna Hana. Ég stand upp og geng að hurðinni og opna hana. Það ískrar ekkert þegar ég opna en væri það líka skrítið. „Á“ segi ég. Ég var að reka tána í eina steininn. Ég þoli ekki þennan eina stein. Ég er alltaf að reka mig í hann. Ég meina hverjar eru líkurnar á því. Úti fyrir er flatlendi. Ekki gras og ekki slétta heldur bara hlutlaust flatlendi. Einu krákurnar fljúga yfir mig og garga. Einu svínin standa fyrir framan mig og stara á mig. Ég stari á móti. Eftir nokkur ár, þá lít ég undan. Ég þarf nefnilega að finna Hana.

Ég veit að það lítur út eins og ég sé mjög kærulaus með þetta allt, að mér sé í rauninni sama um Hana en það er ekki þannig. Ég hef þolað sálarkvalir síðan Hún fór. Ég bara vissi ekki hvert Hún fór svo ég gat ekki leitað. Sem minnir mig á það. Ég veit ennþá ekkert hvar Hún er. Ég get ennþá ekki byrjað að leita. Ég byrja samt aðeins að röltu af stað og síkksakka framhjá mismunandi hlutum. Ég fer þarna framhjá eina eplinu, sítrónunni, boltanum, síggarettunni og pottinum. Allt í einu kem ég að einu gufuvélinni. Hún er í skugga, það er stórt myrkrarspjald fyrir henni. Þetta spjald er ekki frumgerðin af einhverju. Það eru mörg svona spjöld utan um helling af hlutum. Þessir hlutar eru þá allir í skugga og eru þá engar eftirmyndir af þeim í skuggaheiminum. Reglulega detta

Þessi spjöld niður vegna árekstra við sálir eða eitthvað. Stundum á ég það þó sjálfur til að ýta spjöldunum niður. Ætli ég geri það ekki bara núna. Ég ýti spjaldinu niður og skín þá sól á hlutinn. Ég horfi inn í skuggamynda heiminn og er þar verið að finna upp á gufuvélinni.

Hvar gæti Hún samt verið. Gæti verið að Hún sé bakvið eina fjallið. Ég horfi á fjallið, það er risastórt, eða eina hólinn. „Hún er í píramídanum“ heyri ég allt í einu. „Hver sagði þetta?“ spyr ég. „Ég. Ég er herna niðri“ ég horfi niður og sé ekkert nema hamar. Ég tek hann upp annarshugar. „Hvar, ég sé þig ekki?“ spyr ég. „Ég er hamarinn“ segir röddinn og heyri ég núna greinilega að röddin kemur úr hamarnum. „Hamrar tala ekki“ segi ég. „Sko ég er sál sem er í hamri. Ég komst að því að eina leiðin til þess að vera eftir í þessum heimi er að fara í einhvern hlut. Ég fattaði að ef sálir okkar geta farið í líkama í skuggaheiminum gætu þær alveg eins farið í hluti sem eru hér“. „Og þú valdir að fara í hamar?“ spyr ég. „Ja, ég reyndar fór bara í það sem var næst mér og hef verið fastur í þessu síðan. Ég hefði valið eitthvað annað ef ég vissi að ég myndi festast“ segir sálin í hamrinum. „En hver ertu eiginlega?“ spyr ég. „Ég er Platon“ svarar Platon. „Ég vissi ekki að hægt væri fyrir sálir að taka sér bólfestu í hlutum. Það er mjög áhugavert. Ég ætti kannski að biðja fleiri sálir um að gera slíkt hið sama. En þær hafa samt venjulega ekki eins mikla vitund þegar þær koma hingað og þegar þær voru í skuggaheiminum“ segi ég. „Það er bara af því að það er svo mikið áfall fyrir þær að koma hingað. Af því að þær bjuggust ekki við þessu. En þar sem ég vissi af heiminum fyrirfram var þetta ekki eins mikið áfall fyrir mig og þess vegna gat ég hugsað skýrt og fattað það að ég gæti tekið mér bólfestu í hlut“ segir hann. „Ég skil. En þú sagðir að Hún væri í eina píramídanum. Hvar er hann eiginlega og hvernig veist þú það“. „Sko ég skal sýna vísa þér leiðina ef þú tekur mig með og útskýra hitt fyrir þér á leiðinni“ segir Platon. „Allt í lagi“ samþykki ég. „Farðu bakvið eina fjallið. Hann er þar“. Ég sting hamrinum í vasann og byrja að ganga þangað. Bakvið fjallið. Ég man ekki eftir að hafa nokkurn tímann farið þangað og veit reyndar ekkert hvað er þar bakvið. En ég veit núna að Hún er þar og að ég geti fengið að sjá Hana bráðum aftur. Að líf mitt geti orðið gott. Að ég geti orðið hamingjusamur aftur, að ég verði ekki lengur svona tómur að innan.

Ég geng framhá mörgum einum hlutum. Ég stoppa allt í einu þegar ég sé eina grasið. Ég ætla að fara að skoða það nánar en hætti við og held áfram. Ég ætla að ná í Hana og svo get ég farið að skoða grasið aftur. En núna er ég búinn að gleyma hvar það var. „Þú ert öðruvísi en ég hélt“ segir Platon. „Hvað áttu við?“ spyr ég. „Ja, ég hélt bara einhvern veginn að þú værir. Þú veist fullkomnari“ segir hann. „Ertu að segja að þú bjóst við að ég væri fallegrí? Því hvernig gæti það verið?“ spyr ég hann. „Nei. Þú stenst alveg væntingar hvað það varðar, ég á við að ég bjóst bara við að þú værir fullkomnari að innan og að öllu leyti“ segir hann. „Nei. Það er ég víst ekki. Þú verður að muna að það er bara líkaminn minn sem er fullkominn. Það er bara formið mitt sem allt mannkynið er skuggamyndir af en sálin mín er alveg eins og hver mennsk sál“ segi ég. „En hvernig má það vera. Þú sérð hið góða á hverjum degi og hvernig geturðu þá annað en lifað eftir því“. „Lifað eftir hverju? Þú ert núna að tala um

siðferði er það ekki. En þú verður að muna að siðferði skiptir ekki máli þegar þú lifir einn og lifir endalaust. Ég get engan drepið svo hví þarf ég siðareglu sem segir að ég skyldi ekki drepa. Ég get ekki logið að neinum, svo hví skyldi segja að ég ætti ekki að ljúga. Ég get ekki verið fégráðugur, því það er ekkert hægt að gera með þessum eina pening sem er hérna einhversstaðar. Sem sagt í stuttu máli þá get ég ekki verið lastafullur en get ég heldur ekki verið dygðugur. Því ekki hef ég neinn til að vera örlátur við, eða hjálpsamur. Ég hlýt eðli málsins samkvæmt að vera hlutlaus“ segi ég. „Þetta var gáfumannslega sagt“ segir hann. „Já ég kynnti mér svolítið frumgerð rökfræði þegar ég ýtti myrkraspjaldinu hennar niður. Er búinn að gleyma slatta samt“ segi ég.

Ég tek eftir því að fljótlega er ég búinn að ganga að fjallinu og er kominn bakvið það ef miðað var við það hvar húsið mitt er. Sé ég þá píramídann. „Er Hún sem sagt þarna inni?“ spyr ég. „Já“ svarar hann. Áður en ég veit af er ég byrjaður að hlaupa. Ég sé að ég þarf lítið að sikksakka. Það vill greinilega svo til að hér er lítið af hlutum. Ég sé samt að þarna eru einu geirfuglarnir að reisa við myrkraspjald . Þegar því er lokið lít ég svo í skuggaheiminn og sé þar að verið er að borða seinasta geirfuglinn. Þetta á það til að gerast. Að dýr reisi við myrkraspjöld um sig. Þau gera það oft eftir að þau sjá hvað eftirmyndirnar þeirra eru orðnar fáar. Eftir að búíð er að reisa myrkraspjöldin falla þau aldrei niður aftur. Það eru heilu risastóru svæðin þar sem er búíð að reisa spjöld. Til dæmis þar sem risaeðlurnar eru. Ég ætti að fara með Henni að sjá þær þegar ég er búinn að ná í Hana. Ég

og Platon förum inn um anddyrið í píramídann. „Jæja, hvar er Hún núna“ spyr ég hann. „Hún er efst uppi“. Ég fer upp og eftir stuttann tíma kem ég svo inn í herbergi. Það er fullt af hlutum þar sem flestir eru bakvið myrkraspjöld en sumir ekki. Sólin nær nefnilega að skína hingað inn þótt að hér sé allt lokað. Í miðju herberginu sé ég Hana standa hjá kaktus. Ég hleyp til Hennar og felli nokkur myrkraspjöld í leiðinni. Þar á meðal myrkraspjaldið fyrir bíl. Ég sé þá útundan mér bíla keyra í skuggaheiminum. „Stopp“ heyri ég allt í einu. Ég stoppa. „Hver sagði þetta?“ spyr ég. Kaktusinn hreyfist. „Ég“ heyrir frá kaktusnum. „Æi já“ segir Platon. „Ég gleymdi að segja þér frá því að það var illur kaktus sem stal Henni og ætlar hann sér voðalega hluti. Hann notaði fyrir einhverju síðan einu fallbyssuna til að skjóta mér yfir fjallið“ hélt hann áfram. „Hvernig gastu gleymt því að segja mér þetta?“ segi ég. „Ja það er merkilegt hvað það að breytast í hamar hefur áhrif á minnið“ segir hann. „Nei, blessaður Platon, gaman að heyra í þér aftur“ segir kaktusinn. „Ég get eiginlega ekki sagt það sama Ramses II“ segir Platon til baka. „Vill einhver útskýra fyrir mér hvað er í gangi“ segi ég og horfi á Hana. Hún vissi alltaf hvernig væri best að útskýra hluti. „Sko. Þetta fífl hérna. Sem er sálin hans Ramsesar í kaktusnum rændi mér fyrir löngu síðan og þú hefur ekki komið og bjargað mér síðan“ segir Hún. „Ja ekki vissi ég hvar átti að leita“ svara ég. „Ég hef verið hér í nokkur þúsund ár og það tók þig ekki nema hvað, örfáa áratugi að labba hingað. Hefðir þú byrjað að leita strax, þá hefðirðu verið fyrir löngu verið búinn að bjarga mér. Þú varst eflaust bara að stara á hamborgarann aftur“. „Nei. Það er ekki satt. Ég... ég þarna. Ég saknaði þín“ segi ég. „Já. Af hverju byrjaðir þú þá ekki

að leita fyrr“. Ég sé að í skuggaheiminum er að byrja eitthvað rosalegt stríð og er það líklega út af rífrildinu. „Því, ég var að þola svo miklar sálarkvalir að ég átti erfitt með að standa upp“ svara ég. „Þú ert nú meiri lettingjinn“. Milljónir manna eru að deyja út af byssum og þrönsýni. „Sko“ segi ég og sveifla höndunum og rek þá eina hendina í myrkraspjald. Það fellur niður og sé ég þá frekar stóra sprengju. Stuttu seinna sé ég eftirmynd af henni springa yfir Hiroshima og svo Nagasaki.

„Fyrirgefðu. Ég bara vissi ekki hvað ég átti að mér að gera. Ég hafði aldrei lent í svona aðstæðum áður, eftir að myrkraspjaldið okkar féll“ segi ég. „Allt í lagi. Ég skal fyrirgefa þér“. Stríðinu lauk jafn skyndilega og Hún sagði þetta.

„En jæja Ramses. Má ég nú fá Hana aftur?“ spyr ég vinsamlega. „Nei. Aldrei“ segir hann. „Og hvers vegna ekki?“ spyr ég. „Því ég ætla að nota píramídann til þess að virkja orku sólarinnar svo að ég geti dregið Hennar sál útúr líkamanum og svo ætla ég mér að taka bólfestu í honum sjálfum. Því það er satt segja ekkert voðalega gaman að vera kaktus“ segir hann. „Þú ættir að prófa að vera hamar“ segir Platon. „Veistu mér líst bara ekkert á þetta plan hjá þér og ég ætla að stoppa þig“ segi ég og hleyp til hans. Hann þrýstir broddunum sínum að hálsi Hennar. „Stoppaðu“ kallar Hún. Ég stoppa. Ég veit að broddarnir geta ekki skaðað hana í raun og veru en þeir geta meidd. Ég sé það núna að Hún er bundin á höndunum með eina reipinu. Allt í einu heyri ég einhvern hávaða. „Heyriði þetta er orkan að safnast saman. Eftir skamma stund mun Hennar líkami verða minn“ segir Ramses. „Viltu ekki frekar minn. Hann er karlkyns“ segi ég. „Jú en Hún var nær þegar ég kom heim til ykkar og var Hún meira veikburða svo að ég stal Henni“ segir hann. Ég veit ekki hvað ég á að gera. Ég vil ekki að hann meiði Hana. En ég vil heldur ekki að Hennar sál fari úr Hennar líkama. Ég held satt að segja að seinni valkosturinn sé verri. Þannig að ég ætti víst að hlaupa áfram. Ég fer að hlaupa áfram. Hann þrýstir broddunum aftur að hálsi Hennar og kveinkar Hún sér en öskrar ekki. Skyndilega kemur ljósgeisli úr loftinu. „Hann er kominn, nú þurfum við bara að ganga þangað inn og þá mun sál þín yfirgefa líkamann og mín þennan og þá get ég tekið bólfestu í þínum“ segir Ramses og fer að draga Hana í átt að geislanum.

Ég hleyp til þeirra og stekk á hann. Þetta er ofboðslega vont. Við lendum báðir á gólfinu. Hann ýtir mér af sér. Hann er frekar stór þessi eini kaktus. Hann er hærri en ég og finn ég það að hann er einnig sterkari. Ramses stendur upp. „Jæja veistu hvað. Kannski ég láti ykkur bæði bara losna við sálir ykkar“. „Hvað gerist þá?“ spyr ég. „Það mun eflaust gerast það sama við þær og mannlegu sálirnar. Þið munuð verða hér og svo fara skuggaheiminn. „NEEIII“ öskra ég enda finnst mér tilhugsunin um að fara þangað skelfileg. Því miður fattaði ég ekki að gera neitt annað en að öskra og er hann nú byrjaður að draga mig að ljósinu. Hún ræðst á hann. En festir hann bara gaddanna í beltið sem Hún er með á sér og dregur hana líka í áttina þangað. Ég reyni að standa upp en sparka bara í myrkraspjald fyrir tölvuna. „Já kannski ég velji þinn líkama frekar, nú þegar ég hugsa út í það“ segir Ramses og dregur okkur nær ljósinu.

Allt í einu verð ég hræddur um að deyja og ég giska á að það verði Hún líka. Í

skuggaheiminum er allt á barmi kjarnorkustyrjaldar. Tíminn virðist hægjast á sér. Allt í einu virðist heimarnir vera að ganga á sama tíma. Ég sé óttasleginn andlit og menn að fara yfir kjarnorkubyrögðir. „Notaðu mig, þöngulhausinn þinn“ kallaði Platon sem ég er ennþá með í vasa mínum. Ég tek hann upp og lem fast í Ramses. „Ái“ segir hann og dettur. „Svakalega var þetta vont“ segir hann. „Þú finnur fyrir sársauka vegna þess að sálin gerir það“ segir Platon. Bæði ég og Hún erum laus og er kjarnorkustyrjöldinni aflýst. Alla vega í bili. Ramses stendur upp aftur og ræðst á mig. Að þessu sinni er ég tilbúinn og tek á móti tveim kaktusarörmum hans. „Á“ segi ég þegar ég finn fyrir sársaukunum þegar ég gríp þessa arma. Nú næ ég betur að berjast á móti honum en áðan. „Hlauptu“ öskra ég á Hana. „Nei. Ég fer ekki frá þér“ öskrar Hún á móti. „Ýttu honum í ljósið“ kallar Platon. „En hann vill að við förum þangað“ kalla ég á móti. „Hann vill að þið báðir farið þangað. Ef hann fer einn þá getur hann ekki tekið bólfestu í þessum líkama“ kallar hann. Ramses ýtir allt í einu fast á mig og hrasa ég aftur fyrir mig og dett á nokkur spjöld. Farsími og vídeó koma fram hér og svo í skuggaheiminum. Hér í þessum hluta herbergisins er mikið af myrkraspjöldum. Hann kemur til mín og fellur um leið flatskjá, Ipod, spjaldtölvu. Ég hleyp í áttina til hans og tek síðan sveig og fer að ljósinu. Hann ferðast aftur í áttina að mér. Ég ætla að láta hann koma alveg til mín og láta hann reyna að ýtta mér og hoppa svo frá þannig að hann detti í ljósið. Hann kemur nær. Ég tek smá hliðar saman hliðar og þá finn ég að ég stíg á eitthvað og renn til og dett niður og ligg þá rétt við ljósið. Ég kíki á það sem ég datt um og sá að þetta var eina bananahýðið. Hann kemur alveg upp að mér beygir sig niður og ætlar að ýta mér inn í ljósið og ég sé að ég get ekkert gert í því og ég sé að það er önnur styrjöld byrjuð í skuggaheiminum og er þetta kjarnorkustyrjöld að mestu en eru þó margar milljónir af hermönnum að drepa hvor annan á flatlendi líka. Svo mikið blóð sé ég. Svo mikið blóð og svo mikill dauði. Sálir koma hingað fljúgandi og ég sé þjánínguna sem þau hafa þurft að upplifa og bráðum fer ég kannski að þjást svona og hvað ætli verði um mannkynið þegar Ramses er í frumgerðinni af manni. Ég efast um að hann og Hún muni ná vel saman. Allt verður fullt af illsku og hatri og eyðileggingu hér eftir. Allt er glatað.

Hann byrjar að ýta við mér og þá allt í einu sé ég Hana með einu skófluna fyrir aftan hann og slær Hún hann fast að aftan og hendist hann inn í ljósið. „NEEEIII“ öskrar hann. Við sjáum hvernig sálin hans er að yfirgefa kaktusinn. „Fljótur, hendu mér inn í. Þá fæ ég að vera í kaktusnum“ segir Platon. „En af...“ byrja ég en tekur Hún hann upp og kastar inn í ljósið. Hamarinn lendir á gólfinu og fer sál Platons úr honum og ræðst á sál Ramses II. Ramses var óundirbúinn þessari árás. Platon fer fyrir ofan Ramses og ýtir honum niður að hamrinum þar sem Ramses rennur svo saman við hann. Næst fer hann sjálfur í kaktusinn og um leið og hann er búinn að því slökknar á ljósinu. „Það var greinilega bara orka fyrir tvær skiptingar“ segir hann. „Já greinilega“ segi ég og horfi svo á fullkomna andlit Hennar. „Gaman að sjá þig“ segi ég við hana. „Sömuleiðis“ segir Hún. Ég beygi mig fram og kyssi hana og um leið sé ég hvernig allir menn hætta skyndilega að berjast. Allir hermenn sem voru að skjóta af

byssum hætta því og láta þær niður. Allir sem voru að senda kjarnorkusprenningar þvert yfir heimsálfurnar hætta að ýta á þessa takka og fara að hringja í ástvini sína til að segja hvað þem þykir vænt um þá. Stríðinu er lokið og ekki bara stríðinu. Fólk sem er að slást hættir að slást. Hjón sem eru að rífast hætta að rífast og fara að gera eitthvað annað í staðinn.

„Þetta er svo miklu betra form“ segir Platon og kemur til okkar. „Og nú get ég loksins hreyft mig sjálfur og skoðað heiminn“ segir hann. „Hvað með mig“ kallar hamarinn sem inniheldur Ramses. „Ég segi að við hendum honum í eina skítinn í svona nokkur hundruð ár“ segir Hún. „Veistu ég styð tillöguna“ segi ég.

Nokkrum hundruð árum seinna er allt ennþá gott. Ramses er ennþá í skítinum sínum og er Platon að skoða sig um en kemur hann reglulega til okkar í húsið og þefar af eina tebollanum. Allt er ennþá með kyrrum kjörum hjá skuggamyndum mínum og Hennar. Því að nú erum við sameinuð og er þá allt betra. Einnig er líka oft skemmtilegra hjá okkur þar sem við höfum kennt fleiri sálum að taka sér bólfestu í hlutum og er þá hægt að tala við þær. Með ljósinu sem við lærðum að virkja er svo líka hægt að senda fólk aftur í skuggaheiminn ef það langar að fara þangað aftur sem það gerir oft á endanum. En já eins og ég sagði. Allt er gott, allt er dásamlegt og allt er fullkomið nú þar sem ég og Hún höfum náð saman aftur.